



## FJÖLMIÐLANEFND

Páll Magnússon  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2019  
Mál nr. 2019-2036 / 0.4

### **Efni: Umsögn fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um vernd uppljóstrara**

Fjölmiðlanefnd vísar til erindis frá nefndasviði Alþingis sem barst með tölvupósti þann 19. nóvember 2019. Með erindinu var fjölmiðlanefnd sent til umsagnar frumvarp til laga um vernd uppljóstrara (þingskjal 431 – 362. mál). Var þess óskað að nefndin sendi umsögn um frumvarpið eigi síðar en 10. desember 2019.

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega bent á að margar alþjóðastofnanir hafi mælt með því að heildarlög verði sett um vernd uppljóstrara. Þannig hafi vernd uppljóstrara verið tryggð sérstaklega í ýmsum nágrannaríkjum Íslands. Mikilvægt sé að tryggja að þeir sem hafi í hyggju að stíga fram og greina frá brotum njóti gagnsærrar verndar sem samræmist ábendingum alþjóðastofnana.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki þyki ástæða til þess að lögfesta sérstakt ákvæði um heimild til að láta þann, sem hefur frumkvæði að því að láta í té upplýsingar eða gögn, ekki sæta ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs. Frumvarpið leggur því ekki til að lögreglu og ákærvaldi verði heimilt að falla frá saksókn á hendur uppljóstrurum sem veita upplýsingar og gögn sem upplýsa um brot annarra og þeirra eigin.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 135/2008 var sérstökum saksóknara heimilt, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að láta þann sem hefði frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn ekki sæta ákæru, þótt upplýsingarnar eða gögnin leiddu líkur að broti hans sjálfs. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að brýnir almannahagsmunir geti krafist þess að ákveðið verði að falla frá saksókn í þeim tilgangi að unnt verði að afla sönnunargagna um alvarleg efnahagsbrot, sem nánast útilokað væri að færa sönnur á með öðru móti. Lögin voru felld úr gildi 1. janúar 2016.



## FJÖLMIÐLANEFND

Heimilt er samkvæmt nágildandi ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að taka til greina þegar hegning er tiltekin hvort viðkomandi hafi veitt af sjálfsdáðum aðstoð eða upplýsingar sem hafa verulega þýðingu við að upplýsa brot hans, aðild annarra að brotinu eða önnur brot. Fjölmiðlanefnd telur engu að síður mikilvægt að ákvæði um að heimilt verði að falla frá saksókn á hendur uppljóstrurum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, verði bætt við frumvarp til laga um uppljóstrara.

Fjölmiðlanefnd veitir fúslega frekari upplýsingar sé þess óskað.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Elfa Ýr Gylfadóttir  
framkvæmdastjóri